

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2019

Efni: Drög að frumvörpum til laga um sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins (Mál nr. S-83/2019)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að veita frumvarpsdrögunum umsögn. Ráðið hefur ætíð talað fyrir hagræðingu í opinberum rekstri svo að fjármunir nýtist sem best og til að tryggja góða þjónustu. Meðal annars þess vegna telur Viðskiptaráð að sameining að minnsta kosti ákveðinna þátta í starfsemi Seðlabankans (SÍ) og Fjármálaeftirlitsins (FME) sé til hagsbóta og að sameiginleg stofnun sé sterkari. Með því skapast enn fremur hagræðing hjá fjármálafrirtækjum sem þurfa að skila upplýsingum til eins aðila í stað tveggja. Ísland er örríki og því er enn mikilvægara hér á landi en víðast annars staðar að líta til hagræðingar á sem flestum sviðum.

Það er framfaraskref að sameina alla starfsemi FME og SÍ sem snýr að fjármálastöðugleika. Þannig verður eind- og þjóðhagsvarúð undir sama þaki sem, ef vel er að verki staðið, gerir aðgerðir og eftirlit með fjármálastöðugleika skilvirkara. Fjármálastöðugleiki hefur síðustu ár fengið meiri gaum sem meginhlutverk seðlabanka almennt og aðgerðir og stefna til að tryggja hann, eins og ákvörðun eiginfjárfrafna banka, getur haft verulega þýðingu fyrir peningastefnu og öfugt. Þannig skapast einnig tækifæri til aukinnar skilvirkni í beitingu tækja peningastefnunnar í bland við tæki einda- og þjóðhagsvarúðar.

Öðru máli gegnir um eftirlit með fjármálamörkuðum sem er talsvert ólíkt þeim hlutverkum að stuðla að verð- og fjármálastöðugleika og snýr fyrst og fremst að því að farið sé eftir lögum og reglum. Slíkt starf getur skaðað trúverðugleika SÍ á öðrum sviðum líkt og reynslan af gjaldeyriseftirliti SÍ virðist sýna. Framkvæmd peningastefnu og önnur starfsemi SÍ verður aldrei sterkari heldur en trúverðugleiki hans, svo mikið er í húfi. Réttara væri að fjármálaeftirlit verði eftir sem áður á hendi annarrar stofnunar sem hefur þá þýðingu að einungis þarf að skipa tvo en ekki þrjá varaseðlabankastjóra eins og ráðgert er. Reynist það óskynsamlegt af einhverjum ástæðum má skoða að gera skarpari skil milli fjármálaeftirlits og annarrar starfsemi heldur en ráðgert er í frumvarpsdrögunum.

SÍ verður óvenju valdamikil stofnun ef frumvarpið nær fram að ganga. Því er mikilvægt að SÍ fái nauðsynlegt aðhald og að gagnsæi ríki um störf bankans. Þar ríkir bankaráð lykilhlutverki og tryggja þarf að ráðið geti sinnt hlutverki sínu með fullnægjandi hætti þar sem það verður enn mikilvægara en áður ef af sameiningu verður.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda. Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllt,



Konráð S. Guðjónsson

Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands